

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður

23. janúar 2026
UOS2501408/H.M.V.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 16. september 2025 – ID 14

Þann 16. september sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Fjarðabyggðar í Þernunes. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Fjögur eldri frávík voru opin þegar eftirlitið fór fram:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Urðað var umfram heimildir starfsleyfis árið 2022 og 2023. Einnig var urðað umfram heimildir starfsleyfis árið 2024. Markmiðum rekstraraðila að draga úr umfangi urðaðs úrgangs hefur ekki gengið eftir.
2. Gr. 4.1 í starfsleyfi og varðar ófullnægjandi skil á skráningum vegna innra eftirlits rekstraraðila. Bætt var úr hluta af þeim skráningum sem upp á vantaði eftir eftirlit ársins 2024 vegna ársins 2023, en skráningum vegna sigs og stöðu urðunarstaðarins vegna ársins 2023 var ekki skilað.
3. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Aðstaða er ekki til staðar til að framkvæma rennslismælingar á sigvatni og ekki hafði verið staðið að mælingum vegna hæðar grunnvatnsborðs.
4. Gr. 4.4. Skilafrestur skráninga ársyfirlits var ekki virtur árið 2024, né árið 2023.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Við móttöku úrgangs inn á urðunarstað, m.a. jarðvegs sem á að farga telst það sem úrgangur sbr. lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og mikilvægt er að sjá til þess að skrá það á viðeigandi hátt og sjá til þess að úrgangurinn falli að móttökuvíðmiðum fyrir urðunarstaðinn sbr. viðauka II í rg. nr. 738/2003 um urðun úrgangs.
2. Fjallað var um breytingar á fyrirkomulagi skila á umhverfisupplýsingum en fyrr á árinu var sent erindi þess efnis á alla starfsleyfishafa hjá Umhverfis- og orkustofnun. Varðar breytingin rg. nr. 990/2008 um útstreymisbókhald, sbr. breytingareglugerð nr. 206/2025. Rekstraraðilar atvinnurekstrar, sbr. viðauka I og viðauka II í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, skulu skila árlega umhverfisupplýsingum rafrænt til

Umhverfis- og orkustofnunar, til viðbótar við skráningar ársyfirlits. Áréttað er að mikilvægt er að rekstraraðili kynni sér vel þessar breytingar fyrir næstu skil.

Níu frávík komu fram er varða:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Urðunarstað er heimilt að taka á móti að hámarki 3.000 tonnum af úrgangi á ári. Skv. upplýsingum úr gagnagátt Umhverfis- og orkustofnunar sem skilað var þann 10. júlí 2025 kemur fram að urðað var í Þernunesi 3.356 tonn árið 2024. Magn úrgangs sem urðaður var umfram heimildir var rúmlega 12% yfir það magni sem heimilt er. Ekki hefur gengið að draga úr magni urðaðs úrgangs.
2. Gr. 2.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim, skulu þau endurskoðuð á a.m.k. 4 ára fresti. Umhverfismarkmið lá ekki fyrir við eftirlit.
3. Gr. 2.2 í starfsleyfi. Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við Umhverfis- og orkustofnun og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum, framkvæmd viðbragðsáætlana og öðrum samskiptum er varða urðunarstaðinn og samskiptum vegna innra eftirlits rekstraraðila. Ef breyting verður á tengilið ber að tilkynna eftirlitsaðila um slíkt. Stofnuninni var ekki tilkynnt um slíkar breytingar.
4. Gr. 2.8 í starfsleyfi. Gildandi ábyrgðatrygging var ekki til staðar vegna ársins 2025 og lág ekki fyrir við eftirlit.
5. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili tekur ekki saman skráningar vegna innra eftirlits starfseminnar í samræmi við starfsleyfi.
6. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Skráningum vegna vöktunar og skil á þeim upplýsingum vegna ársins 2024 var ekki skilað til Umhverfis- og orkustofnunar. Rekstraraðila var ekki kunnugt hvort að þær færu alfarið fram eða að hluta til í samræmi við starfsleyfi og lágu engar upplýsingar fyrir um þær við eftirlit.
7. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Ekki hefur verið lagt fram mat á hvort gæði grunnvatnsborðs fyrir neðan urðunarstað, samanborið við mælingar grunnvatns ofan hans séu innan umhverfismarka. Niðurstöðum vöktunar var ekki skilað og rekstraraðili var ekki meðvitaður um niðurstöður þeirrar vöktunar sem fram fer á urðunarstað.
8. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöðu skráninga sbr. gr. 4.1 í starfsleyfi fyrir 1.maí, árlega fyrir hvert undangengið almanaksár. Skráningum var ekki skilað árið 2025 varðandi undangengið árs í samræmi við starfsleyfi.
9. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Umhverfisupplýsingum sbr. rg. nr. 990/2008 var ekki skilað, en skila ber þeim upplýsingum árlega og fyrir 1. maí vegna undangengis árs.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en **13. febrúar 2026**

Virðingarfyllst,

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur, teymi eftirlits

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur, teymi eftirlits